

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009,
lóð grunnskóla Ísafjarðar.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 12. júlí 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009 frá 31. október 1990.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Svæði fyrir opinberar byggingar stækkar til suðvesturs á kostnað íbúðarsvæðis.
- Opið svæði til sérstakra nota breytist í svæði fyrir opinberar byggingar.
- Hluti af opnu svæði til sérstakra nota og hluti af íbúðarsvæði austan við almenningsgarðinn breytist í íbúða- og þjónustusvæði og svæði fyrir opinberar byggingar.
- Gatnakerfi breytist með nýrri veltengingu milli Skólagötu og Silfurgötu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 12. júlí 2006.

Jónína Bjartmarz.

Ingibjörg Halldórsdóttir.